

Lagt fyrir fund fræðsluráðs 11. mars 2020

7. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn miðvikudaginn 12. febrúar, 2020 í fundarsalnum Krosseyri, 4. hæð við Linnetsstíg 3.

Mætt eru: Kristín Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir, Karólína Helga Símonardóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Margrét Vala Marteinsdóttir, Arnbjörn Ólafsson, Geir Bjarnason, Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Vigfús Hallgrímsson

Gestir fundar: Kristinn Hjálmarsson og Elín Gréta Stefánsdóttir frá Nótera

Dagskrá fundar

Mál: Menntaleiðtogafundur 14. febrúar

Fanney kynnir samantekt á tillögum frá menntaleiðtogum úr skólasamfélaginu og stýrihóp um menntastefnu Hafnarfjarðar. Mjög góð skil voru á tillögum frá menntaleiðtogum og bárust tillögur frá nánast öllum fulltrúum sem koma að gerð menntastefnunnar. Mikil ánægja er með góða þátttöku og áhuga menntaleiðtoga.

Mál: Kynning á skipulagi Menntaleiðtogafundar 14. febrúar

Ráðgjafarþjónustan Nótera kynnir sig og hlutverk sitt í að halda utan um vinnufund sem fyrirhugaður er föstudaginn 14. febrúar 2020 með öllum menntaleiðtogum ásamt fulltrúum í stýrihóp. Rætt er um hvort veðurspá muni hafa áhrif á fundinn á föstudaginn, tekin verður ákvörðun um það á morgun fimmtudag kl. 10.00. Fanney mun miðla þeirri ákvarðanatöku áfram til allra sem boðaðir eru á fundinn. Lagt er til að falli fundur niður n.k. föstudag verði hann haldinn fimmtudaginn 27. febrúar í staðinn, sama tíma.